

**Fundur í stjórn Félags náms- og starfsráðgjafa.
Fimmtudaginn 17. mars klukkan 14 til 16 í Kringlunni**

Mættir: Ingibjörg, Olga og Unnur. Margrét og Helga voru á Skype

Norrænt samstarf.

Margrét fer fyrir hönd félagsins á ársfund Norðurlanda náms- og starfsráðgjafa 9. apríl. Það þarf að gera skýrslu fyrir fundinn þar sem fram kemur hver aðaláhersluefni félagsins hafa verið og hvað er á döfinni. Margrét ætlar að vinna þennan texta með aðstoð Ingibjargar. Eftir fundinn verður skýrslan birt á fns.is ásamt hlekk á norrænu heimasíðuna þar sem skýrslur fyrri ára og hinna Norðurlandanna eru sýnilegar.

Verkið – framhaldsskólakynning.

Íslandsmót iðngreina samhliða framhaldsskólakynningu verður haldið í Laugardalshöllinni 29. sept til 1. okt. 2016. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi og árið 2014 og verða nemendur á höfuðborgarsvæðinu keyrðir í rútum í höllina. Unnur er í forsvari fyrir FNS í þessu verkefni og mun væntanlega verða óskað eftir samstarfi við fleiri félagsmenn þegar nær dregur. Stjórn FNS veltir fyrir sér hvers vegna ráðuneytið bjóði ekki öllum nemendum á landinu á þessa kynningu þar sem þetta er einstakt tækifæri til að kynna iðnnámi og fá kynningu á öllum framhaldsskólunum.

Stéttarfélagsmál.

Helga Tryggva og Ingibjörg eru búnar að fara á fund við Arnar í Capacent, Stefán hjá BHM og Ólaf hjá KÍ til að ræða tilurð og kostnað vegna stofnunar stéttarfélags. Ætlunin er að senda könnun á félagsmenn með sex mismunandi kostum um stéttarfélagsmálin til að kanna hug félagsmanna. Þessari vinnu verður haldið áfram.

Aðalfundur, undirbúningur, ársskýrsla, lagabreytingar.

Aðalfundur félagsins verður föstudaginn 29. apríl, það vantar staðsetningu. Finna þarf einstaklinga í uppstillinganefnd. Ingibjörg mun finna út hverjir ætla að halda áfram og hversu marga vantar í nefndir. Senda póst á félagsmenn og athuga hverjir vilja koma til starfa í félaginu. Einnig athuga með lagabreytingar. Nefndir þurfa að skila greinargerðum sem fara í ársskýrsluna.

Fundur með siðanefnd.

Þarf að endurskoða siðarreglur þar sem tíu ár eru síðan þær voru gerðar. Ýmsar hugmyndir í gangi sem siðanefnd mun kynna frekar á aðalfundi.

Ný nefnd: Ímyndar og kynningarnefnd.

Nokkrir félagsmenn hafa sýnt því áhuga að sitja í þessari nefnd, sem er frábært. Markmið með þessari nefnd er að auka sýnilega okkar. Ætlunin er að búa til bækling sem kynnir störf og verkefni náms- og starfsráðgjafa og langar okkur að hafa hann tilbúinn fyrir Íslandsmót iðngreina í lok september.

Leyfisbréf.

Markmiðið er að setja upplýsingar um starfandi náms- og starfsráðgjafa og hverjir hafa fengið leyfisbréf á heimasíðu FNS.

Í lokin var rætt um að gaman væri að fara hópferð frá Íslandi á náms- og starfsráðgjafa ráðstefnu í Madrid sem verður haldin 15. til 18. Nóvember 2016.

Fræðsluefnd er að skipuleggja heimsókn á Laugarvatn í maí, frekari upplýsingar koma síðar.

Fundinn ritaði
Unnur Símonardóttir